

Miðvikudaginn 9. júní 1943.

Nr. 118/1942. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Einari Ragnari Jónssyni, Stefáni Ögmundssyni og Halldóri Kiljan Laxness

(Einar B. Guðmundsson).

Sýknað af kæru fyrir brot á lögum nr. 127/1941. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Bókin Hrafnkatla, sem mál þetta er af risið, er endurprentun Hrafnkels sögu Freysgoða, aðallega útgáfu Konráðs Gíslasonar frá 1847, en fylgt er málmyndum islenzkrar tungu, eins og hún nú er rituð, og stafsetningarreglum þeim, sem boðnar eru í auglýsingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 25. febr. 1929. Enginn hinna kærðu ber höfundarábyrgð á bókinni, að því undan skildu, að Halldór Kiljan Laxness hefur samið formála hennar, en ekki hefur verið kært út af honum í máli þessu. Halldór Kiljan Laxness hefur á titilblaði bókarinnar lýst sig útgefanda hennar, en kostnaðarmenn eru þeir Einar Ragnar Jónsson og Stefán Ögmundsson. Samkvæmt 3. gr. tilskipunar um prentfrelsi frá 9. maí 1855 ber útgefandinn Halldór Kiljan Laxness einn refsíábyrgð, ef til refsingar væri unnið samkvæmt 1. gr. laga nr. 127/1941, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna kærðu Einar Ragnar og Stefán af kæru valdstjórnarinnar, að því er þá grein varðar. Hins vegar tekur 3. gr. nefndrar tilskipunar ekki til brots þess, er 2. gr. laga nr. 127/1941 fjallar um og varðar einkarétt til útgáfu ritaðs máls. Er því heimilt að sækja hina kærðu sameiginlega til ábyrgðar fyrir brot á ákvæðum þeirrar greinar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið fengin umsögn kennara heimspekideildar Háskóla Íslands um meðferð efnis og máls í útgáfu þeirri, sem kært er út af. Segja þeir, að í útgáfunni sé aðeins á örfáum stöðum vikið frá orðalagi handrita og í smávægilegum atriðum, en reyndar að þarflausu. Einn smákafli sé fluttur til, en engum kafla

sleppt. Sagan sé að efni allsendis óbreytt í útgáfunni og ekki breytt að meðferð né málblæ, svo að neinu skipti, nema að því er til áðurnefndra orðabreytinga, málmynda og stafsetningar kemur.

Í 1. gr. laga nr. 127/1941 segir, að þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, megi ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð né málblæ, ef breytingunum er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Eigi megi heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni. Þar sem útgáfa bókarinnar Hrafnkötlu með þeim hætti, er áður greinir, þykir ekki brjóta í bág við ákvæði greinar þessarar, þá ber einnig að sýkna kærða Halldór Kiljan Laxness af kæru valdstjórnarinnar, að því er til þeirrar greinar tekur.

Í 2. gr. laga nr. 127/1941 er íslenska ríkinu áskilinn einkaréttur til þess að gefa út íslensk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri. Svo skal og nafngreindu félagi vera heimil útgáfa fornrita án leyfis stjórnvalda. Að sögn kennara heimspekideildar Háskóla Íslands er það einróma álit fræðimanna, að sagan af Hrafnkeli Freysgoða sé samin fyrir 1300. Urðu hinir kærðu því að leggja til grundvallar, er bókin var út gefin, að ákvæði 2. gr. laga nr. 127/1941 tækju til hennar.

Samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar skal vera prentfrelsi hér á landi, en þó svo, að menn verða að bera ábyrgð á prentuðu máli fyrir dómstólum. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða. Ákvæði greinarinnar takmarkast að visu af því, að áskilja má mönnum höfundarrétt að ritum og meina öðrum útgáfu ritanna, meðan sá réttur helst. En rök þau, sem að því hniga og byggjast á nánun, persónulegum hagsmunum höfundar, liggja ekki til grundvallar fyrimælum 2. gr. laga nr. 127/1941. Þau fyrimæli eru sett til þess fyrir fram að girða fyrir það, að rit, sem greinin tekur til, verði birt breytt að efni eða orðfæri, eftir því sem nánar getur í lögnum. Með því að áskilja ríkinu einkarétt til birtingar rita þessara og banna á

þann hátt öðrum birtingu þeirra, nema að fengnu leyfi stjórnvalda, hefur verið lögð fyrirfarandi tálmun á útgáfu ritanna, sem óheimil verður að teljast samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Verður refsing því ekki dæmd fyrir brot á ákvæðum 2. gr. laga nr. 127/1941.

Samkvæmt framansögðu eiga hinir kærðu að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns kærðu í héraði, kr. 300.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Einar Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson og Halldór Kiljan Laxness, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda kærðu í héraði, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmans, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Eggerts Claessens og Einars B. Guðmundssonar, kr. 500.00 til hvors.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Í lögum nr. 13/1905 um rithöfundarrétt og prentrétt eru sett ákvæði um eignarrétt og útgáfurétt að rituðu máli. Með þenna rétt fer höfundur rits, svo sem eðlilegt er, svo og framsalshafar hans og að honum látnum erfingjar hans með nokkrum takmörkunum. Getur einkaréttur framsalshafa og erfingja haldist allt að 50 ár eftir dauða höfundar. Í 1. gr. laga nr. 127/1941 um viðauka við lög nr. 13/1905 er lagt bann við því að birta, þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða höfundar, rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunni er svo háttað, að mennig eða tunga

Þjóðarinnar biði tjón af. Ekki má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni. Ákvæði 1. gr. tekur einnig til fornrita, en auk þess er svo kveðið á í 2. gr. laganna, að hið íslenska ríki hafi einkarétt til að gefa út íslensk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri. Hið íslenska fornritafélag hefur hins vegar heimild til útgáfu fornrita án þess að sækja um leyfi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

Er auðsær sá tilgangur laga nr. 127/1941 að vernda þjóðleg verðmæti, þ. e. fornritin, og stuðla að því, að þau komist í hendur almenningi svo lítið breytt sem kostur er, og er handhöfum ríkisvalds ætlað að vera á verði gegn spjöllum á þeim.

Því hefur verið haldið fram, að ákvæði laga nr. 127/1941 séu ósamþýðanleg 67. gr. stjórnarskrárinnar. Grein þessi tryggir mönnum, sem íslenskt ríkisvald tekur yfir, rétt til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, þ. e. að birta ritað mál, sem þeir hafa samið eða þýtt úr erlendu máli. Stjórnarskrárákvæði þetta girðir því ekki fyrir það, að framsalshafar manns og erfingjar hans að honum látnum fari með eignarétt og útgáfurétt að ritum hans, enda er sú meðferð helguð í lögum nr. 13/1905. Nefnt stjórnarskrárákvæði raskar því ekki heldur reglu 1. gr. laga nr. 127/1941 um bann gegn brenglun á ritum látinna manna, og ekki er ákvæðið því til fyrirstöðu, að viðurlögum sæti þeir aðiljar, sem birta og gefa út fornrit án heimildar, sbr. 2. gr. laga nr. 127/1941.

Svo sem áður segir, eru lög nr. 127/1941 á því sjónarmiði reist, að almenningur skuli fá fornritin í hendur til lestrar í góðum útgáfum og svo lítið breytt sem unnt er. Ákvörðun handhafa ríkisvalds um það, hverjum auk Hins íslenska fornritafélags skuli falið að gefa þau út, verður þess vegna alls ekki jafnað til ritskoðunar og áþekkra tálmana, sem framkvæmdar eru, áður rit eru prentuð, og miða að því, að fyrir sjónir almennings komiðt ekki ákveðnar skoðanir, sem valdhafar telja sér skaðsamlegar, en slíkar athafnir bannar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Rit það, sem í

máli þessu greinir, var og prentað og birt, án þess nokkur tilraun væri gerð af hendi ríkisvaldsins til að ritskoða það. Lög nr. 127/1941 fyrirskipa alls ekki ritskoðun, heldur kveða þau einungis á um viðurlög, sem beita skal, eftir að brot gegn þeim hefur verið framið, og er lögum þessum að því leyti eins háttað og mörgum öðrum lögum, er leggja viðurlög við ólögmætri birtingu rita, t. d. birtingu rita án leyfis þeirra, sem útgáfuréttinn eiga, sbr. lög nr. 13/1905, birtingu meiðyrðarita, sbr. ákvæði laga nr. 19/1940, o. s. frv. Eru slík ákvæði í lögum í samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar, sem lætur svo mælt, að menn verði að ábyrgjast fyrir dómi efni rita sinna, er birt hafa verið, og þá því frekar ólögmæta birtingu á ritum annarra manna, og felur nefnd grein stjórnarskrárinnar með þessum hætti almenna löggjafanum að setja lög um ábyrgð á prentuðu máli.

Samkvæmt því, sem rakið er að framan, finnst engin heimild í 67. gr. stjórnarskrárinnar handa dómstólum til að fella úr gildi lög nr. 127/1941, en dómstólar geta ekki virt að vettugi lög, sem almenni löggjafinn hefur sett, nema stjórnarskráin sjálf veiti ótvíræða heimild til þess.

Loks verður ekki séð, að nokkur sérstakur aðili hafi öðl-
azt slíkan rétt til fornritanna, að þau verði talin hans eign, sem ekki verði af honum tekin, nema gegn endurgjaldi, sbr. 62. gr. stjórnarskrárinnar.

Í álitserð islenzkufraðinga við Háskóla Íslands, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, er frá því skýrt, að rit það, sem í málinu greinir, sé af öllum fræðimönnum talið samið fyrir árið 1300. Verður að leggja það álit til grundvallar máli þessu.

Um útgáfu þá, er í máli þessu greinir, segir að öðru leyti í nefndri álitsgerð.

„Í útgáfunni er aðeins á örfáum stöðum vikið frá orðalagi handrita og í smávægilegum atriðum, en reyndar að þarflausu. Einn smákafli er fluttur til. Sagan er að efni alls-
endis óbreytt í útgáfunni og ekki breytt að meðferð né mál-
blæ, svo að neinu skipti, nema að því er til áðurnefndra orðabreytinga, málmynda og stafsetningar kemur. Engum kafla er sleppt.“

Samkvæmt þessu verður ekki séð, að slík brenglun hafi orðið á útgáfu þessari, að það varði við 1. gr. laga nr. 127/1941.

Hins vegar hafa hinir kærðu ekki aflað sér leyfis til að standa fyrir útgáfu nefnds rits, og verður þess vegna ekki komið hjá því að láta þá sæta ábyrgð samkvæmt 2. gr. nefndra laga. Þykir sekt á hendur hverjum þeirra hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laganna kr. 400.00 í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektar hvers þeirra, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Svo verður og að dæma hina kærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, Einar Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson og Halldór Kiljan Laxness, greiði hver 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 15 daga í stað sektar hvers þeirra, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts Claessens og Einars B. Guðmundssonar, 500.00 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. nóv. 1942.

Árið 1942, þriðjudaginn 17. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánsyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2405—2407/1942: Valdstjórnin gegn Einari Ragnari Jónssyni, Stefáni

Ögmundssyni og Halldóri Kiljan Laxness, sem tekið var til dóms 9. fyrra mánaðar.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Ragnari Jónssyni forstjóra, Bergstaðastræti 48, Stefáni Ögmundssyni prentara, Óðinsgötu 13, og Halldóri Kiljan Laxness rithöfundi, Vesturgötu 28, fyrir brot gegn lögum nr. 127 9. desember 1941 um viðauka við lög nr. 13 20. október 1905 um rithöfundarétt og prentrétt.

Kærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Kærðu Stefán Ögmundsson og Halldór Kiljan Laxness hafa ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu. Kærði Einar Ragnar Jónsson hefur sætt þessum refsingum:

1. 1935 $\frac{1}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 100 króna sekt fyrir brot á ákvæðum laga nr. 32/1933 um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl.
2. 1939 $\frac{1}{6}$ Sátt í Reykjavík: 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

Að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Með bréfi, dagsettu 12. september s. l., sendi dómsmálaráðuneytið sakadómara eitt eintak bókarinnar „Hrafnkatla“, sem þá hafði nýlega verið gefin út hér í Reykjavík, og lagði svo fyrir, að hefja skyldi réttarrannsókn um útgáfu bókar þessarar og höfða síðan mál gegn hinum kærðu fyrir brot gegn áðurnefndum lögum nr. 127 9. desember 1941.

Bók þessi, Hrafnkatla, kom út hinn 1. september s. l. og er Hrafnkelssaga Freysgoða færð til nútíma stafsetningar og með formála eftir kærða Halldór Kiljan Laxness. Segir í formálanum, að sagan sé með örfáum undantekningum prentuð samkvæmt útgáfu Konráðs Gíslasonar, Kaupmannahöfn 1847.

Kærðu Einar Ragnar og Stefán köstuðu útgáfuna, sáu um hina fjárhagslegu hlið útgáfunnar og sölu bókarinnar. Kærði Halldór Kiljan Laxness bjó bókina undir prentun. Hann færði söguna til nútíma stafsetningar og samdi formála bókarinnar. Kveður hann engar breytingar hafa verið gerðar á bókinni við útgáfu þessa, nema á stafsetningunni og nafni sögunnar. Ef einhver ágóði yrði af útgáfu þessari, skyldi hann renna í sjóð til verndar andlegu frelsi íslenskra rithöfunda. Kærði Halldór Kiljan Laxness hefur enga þóknun fengið fyrir störf sín við útgáfuna, og er það talið óumsamið, hvort hann fái nokkra þóknun, en hann hefir skýrt svo frá, að ef hann fái einhverja þóknun, skuli hún renna í nefndan sjóð.

Um aldur Hrafnkels sögu Freysgoða er álit fræðimanna, sem kunnugt er, að rannsakað hafi það atriði, á þá lund, að leggja þykir mega það til grundvallar í máli þessu, að hún sé samín fyrir 1400.

Kennslumálaráðuneytið veitti eigi leyfi til útgáfu þessarar, enda var eigi um það sótt.

Hinir kærðu hafa því með útgáfu bókarinnar brotið gegn ákvæðum 2. gr. laga nr. 127/1941.

Eigi verður hins vegar talið, að á ritinu hafi í útgáfu þessari verið gerðar neinar þær breytingar, er varði við 1. gr. nefndra laga.

Af hálfu hinna kærðu er því haldið fram, að lög nr. 127 1941 brjóti í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi og séu brot gegn lögnum því refsilaus. Á þetta verður ekki fallizt. Réttur manna samkvæmt stjórnarskránni til birtingar á prenti er takmarkaður á ýmsa lund, m. a. af þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda um eignarrétt á ritverkum og um útgáfurétt, en slíkar reglur er almenna löggjafanum ætlað að setja. Sé brotið gegn gildandi réttarreglum á þessu sviði, verður hlutaðeigandi samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar að sæta ábyrgð fyrir dómi. Með setningu umræddra laga hefur löggjafinn sett reglur um útgáfurétt tiltekinna rita, og verður ekki séð, að með því sé farið inn á það svið, sem ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi vernda. Og með því að eigi verður heldur talið, að lögin fari í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttar og atvinnufrelsis, verður niðurstaðan sú, svo sem áður greinir, að lögin hafi fullt gildi.

Það ber því að dæma hina kærðu til greiðslu sekta samkvæmt 3. gr. laganna. Þykir sekt hvers þeirra um sig hæfilega ákveðin 1000 krónur til rikissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað hvernar sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku bókarinnar verður eigi dæmt í þessu máli, þar eð málshöfðunin tekur að fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins eigi til þess atriðis.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Einar Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson og Halldór Kiljan Laxness, greiði hver 1000 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað hvernar sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.